

óbreyttur, og skal því við bætt, að hver örk af hinni dönsku þýðing alþingistíðindanna, sem búin er til hér í bænum, er borguð 48 skildingum. 1862.
11. júlím.

44. Bréf dómsmálastjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um ríkisskuldabréf, er almennar stofnanir eiga. 11. júlím.

Í bréfi 29. apríl. p. á. hafið þér, háæruverðugi herra, beðið um tilstyrk hinnar íslensku stjórnardeildar til þess, að ritað verði á tvö óuppsegjanleg konungleg skuldabréf, er þér hafið keypt fyrir fê Kaldaðarnes spítala, að þau sæu eign spítala þessa, og til þess, að um þetta verði gjörð athugasemd í bókum fjárstjórnarinnar, en skuldabréf þessi, sem nú hljóða upp á þann, er þau hefir í höndum, eru:

Prise-Obligation (herfangs-skuldabréf) nr. 8506, dagsett 25. janúarm. 1812, að upphæð . . . 1000 rdl. og Statsgjælds-Obligation (ríkisskuldabréf) nr.

10831, dagsett 11. ágúst. 1813, að upphæð 1000 rdl.

Með því það og opt geti við borið, að þér, sem forstöðumaður ýmsra almennra stofnana, sæuð neyddir til að kaupa slík skuldabréf, ef þér eigið að geta ávaxtað fê stofnananna, þá hafið þér þar að auki beðið um að fá vísbinding um, hvernig slík skuldabréf verði keypt og geti fengizt rituð í bækur fjárstjórnarinnar, án þess þér sem reikningshaldari hafið nokkra ábyrgð af því.

Um þetta efni skal yður kunngjört, að hin almenna regla verður að vera sú, þegar kaupa skal óuppsegjanleg konungleg skuldabréf fyrir fê opinberra stofnana, að hlutaðeigandi reikningshaldari borgar fêð inn í jarðabókarsjóð Íslands fyrir stofnun þá, er það á, með því skilyrði, að jafnmikið fê verði borgað aptur út úr ríkisfêhirzlunni hér í bænum, til þess að fyrir þetta fê verði keypt hér konungleg skuldabréf, og síðan ritað í bækur fjárstjórnarinnar, að sú eður sú almenn stofnun sê eigandi þeirra. En hvað snertir þau tvö skuldabréf, sem að ofan eru nefnd, þá skal þess getið, að ef þér ekki heldur viljið selja þau

1862. á Íslandi og borga síðan andvirði þeirra inn í jarðabókarsjóðinn
 11. júlím. svo sem fyr er sagt, þá má senda þau hingað til þess þau verði
 rituð í bækur fjárstjórnarinnar; en þess ber að gæta, að skulda-
 bréfin séu send stiptamtinu og að það sendi þau svo hingað,
 með þeim ummælum, sem þörf er á í þessu efni.

11. ágúst. 45. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptyfirvaldanna
 á Íslandi, um rétt forstöðumanns prentsmiðjunnar
 til borgunar fyrir eptirlit með aukavinnu.

Samkvæmt úrskurði, er lagður hefir verið á 4. athugagrein
 við reikning yfir tekjur og gjöld stiptyprentsmiðjunnar árið 1857,
 hefir verið borið undir úrlausn stjórnarráðsins það atriði, að í
 reikningi þessum er talið með gjöldum 7 rd. sem borgun til
 forstöðumanns prentsmiðjunnar fyrir eptirlit hans með þeim verk-
 um, er vinnumenn hennar unnu fyrir hana í frítímum sínum um
 það leyti alþingi var haldið árið 1857.

Um þetta efni skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar,
 og til þess þér kunngjörð það forstöðumanni prentsmiðjunnar,
 Einari Þórðarsyni, að stjórnarráðið ekki getur fallið á, að gjald
 þetta sé látið lenda á sjóði prentsmiðjunnar.

25. ágúst. 46. Auglýsing um að skip, sem eiga heima í konungs-
 rikinu Spáni og fara kaupferðir til Íslands og
 Færeyja, séu undanþegin að greiða 2 rda. auka-
 gjald það af hverju dönsku lestarrúmi, sem á-
 kveðið er í konunglegum úrskurði 1. aprílm.
 1856.

Eptir samningi, sem gjörður hefir verið milli konungsríkis-
 ins Danmerkur og konungsríkisins Spánar, eru þau skip, sem
 eiga heima í síðarnefndu konungsríki og fara kaupferðir til Ís-
 lands og Færeyja, undanþegin að greiða 2 rd. aukagjald það af